

Svo mælti Mikhail Bakunin um auðvald og öreigasælu. Rothschild og þýlyndisríkið

Mikhail Alexandrovich Bakunin (1814-1876) var rússneskur heimspekingur og stjórnleysingi af lágaðalsættum. Hann kom víða við, bæði í Evrópu, Asíu og Bandaríkjunum. Lærifaðir Mikhail var sjálfur Pierre-Joseph Proudhon (1809-1865), faðir stjórnleysishyggjunnar, þ.e. þeirrar hugsunar í hnotskurn, að ríkisvaldið muni óhjákvæmilega þróast til alræðis.

Mikhail sagði hin fleygu orð: „Það má einu gilda, þegar lýðurinn er pískaður, hvort pískurinn heitir „pískur lýðsins“ eða ekki. Hann verður ekki hamingjusamari fyrir það.“

Yfirvöldum Evrópuríkja þótti Mikhail með afbrigðum ódæll og óþægur ljár í þúfu, m.a. vegna stuðnings hans við sjálfstæðisbaráttu Slava og Þjóðernishyggju. Mikhail var margsinnis fangelsaður í Póllandi, Austurríki og Rússlandi. Hann dúsaði í fangelsi í tólf ár og var meira að segja dæmdur til dauða, en dómnum var aldrei fullnægt. Þokkapilturinn var sendur til Síberíu í staðinn.

Hinum fræðilega byltingarforingja, Karl Marx (1818-1883), þótti Mikhail einnig lausbeislaður í orði og æði. Þeir hittust fyrst í París, síðar í Brussel, þar á eftir í Lundúnum 1861 og á fyrstu Alþjóðaráðstefnu verkalýðsins (International Workingmen's Association) árið 1872. Mikhail tók afstöðu gegn kenningum Karl um alræði öreiganna með því að beita fyrir sig ríkisvaldinu.

Svo fór, að vináttubandið trosnaði og Mikhail beitti sér fyrir nýrri alþjóðahreyfingu andeinveldissinna (Anti-Authoritarian International). Mikhail kynnti hugmyndir um valddreifingu, samstjórnun sjálfstjórnarfélaganna verkalýðs og bænda, þegar einvöldum kóngum og keisurum hefði verið steypt af stóli (anarcho-collectivism/collective anarchism).

Stjórnleysingjasamtök, undir forystu eða áhrifum frá Mikhail, tóku þátt í viðleitni til að koma í veg fyrir stríð Prússa (Norður-þýska ríkjabandalagsins) og annars franska heimsveldisins, árið 1870, með stofnun Samtakanna um frið og frelsi (The Ligue internationale de la paix/Legaue of Peace and Freedom).

Á nítjándu öldinni hafði stétt borgara vaxið fiskur um hrygg og bankastarfsemi elfst. Þýska Gyðingafjölskyldan, Rothschild (Rauðskjöldungar) var áberandi. Hún hafði á öldinni náð firna sterkum tókum á atvinnulífi og þjóðhöfðingjum víða um álfuna. Því fylgdi örlagavald, sem Rauðskjöldungar fóru ekki í launkofa með. Þeir réðu ekki síður örlögum ríkja en þjóðhöfðingjar, þing og þjósnalegir byltingarmenn.

Mikhail hafi sitthvað að segja um Rauðskjöldunga og byltingarsinna. Í ritgerðinni, „Rannsókn á þýskum Gyðingum“ (Étude sur les juifs allemands) frá 1869, segir hann m.a. á þessa leið (sótt í grein Mike King):

Karl Marx er Gyðingur, umvafin þröng Gyðinga hinna smáu sæva, sem hafa til að bera meiri eða minni greind. Þeir eru síkvikir, fláráðir braskarar, eins og Gyðinga víða er háttur, hvort sem þeir stunda viðskipti eða bankastarfsemi, eða eru rithöfundar, stjórnámálamenn eða fréttamenn fyrir alls konar dagblöð.

Í hnotskurn eru þeir miðlarar orðsins eins og fjármagnsins, með annan fótinn í bankanum og hinn í jafnaðarmannahreyfingunni (socialist). Þeir sitja á þýsku fjölmiðlunum. Gyðingar hafa sem sé hrifsað til sín öll dagblöð, svo nærri má geta til hvers konar velgjuritsmíða það leiðir.

Á voru méli, í heimi Gyðinganna, sem hafa stofnað arðránssöfnuð afætna, óseðjandi blóðsugna, rennur Karl Marx blóðið til skyldunnar í hollustu og virðingu við Rauðskjöldungana.

Þetta kynni að koma einkennilega fyrir sjónir. Hvað gæti byltingarhugsun átt sameiginlegt með öflugustu fjármálastarfsemi? Hó, hó!

Byltingarfræði Karl Marx boða öfluga ríkismiðstýringu. Þar, sem hana er að finna, er seðlabanki ríkisvaldsins óhjákvæmilegur. Og þar sem hvort tveggja er við lýði, hefur þjóð gyðinglegra sníkjudýra búið um sig. Hún arðrænir vinnandi fólk og mun ævinlega finna bjargráð.

Slíkt samfélag er ófullnægjandi fyrir öreiganna. Þessi heimur Gyðinganna kemur að miklu leyti Marx eða Rothschild til góða. Ég er þess fullviss, að Rauðskjöldungar kunni að meta Marx að verðleikum.

Sömuleiðis er þeim þóknanlegt, að konum verði skipað í einsleita hjörð, sem sofin og vakin hlýðir drottunum sínum, hinum lærðu og hæfileikaríku, sem veita Gyðingunum gott svigrúm til sviksamlegs arðrání. Þetta mun laða að alþjóðlega arðræningja á vegum banka einstakra þjóða.

Að dómi Mike King gefa hálftrar aldar gömul skrif Mikhael Bakunin ágæta lýsingu á stöðu alþjóðastjórn mála um þessar mundir:

„Stórhuga ríkisstjórnir í anda Marx þarfnast stórhuga einokunarbankafyrirgreiðslu (lán á vöxtum) til að auðvelda fjármögnun,“ segir hann. Þetta var t.d. augljóst við rússnesku byltinguna 1917.

Mikhael hefur reynst býsna sannspár um þróun ríkisvaldsins. Það leiddi til flokksræðis í Rússlandi/Ráðstjórnarríkjunum, í þýska Weimarlýðveldinu og á Ítalíu, eftir fyrsta heimsstríð. Alls staðar hafði auðvaldið/bankaveldið hagsmuna að gæta. Og það fer varla milli mála, hver ræður för.

Mike nefnir í þessu sambandi þrjú pör auðdrottnaætta og jafnaðarmanna: Rothschild/Trotsky, Rockefeller/Frank D. Roosevelt og Soros/Clinton.

Leiðtogi þýskra þjóðernisjafnaðarmanna eða nasista, Adolf Hitler (1889-1945), hefur trúlega sótt innblástur til Mikhail Bakunin. Í riti sínu, „Baráttu minni“ (Mein Kampf) varar hann við samsæri alþjóðlegra bankaauðjöfra og byltingarmanna, sem stefndu að sama marki, þ.e. alheimsstjórn.

Alþjóðlegu byltingarmennina kallaði hann rótlausan lýð, sem hvetti til ósættis í samfélaginu. Bakamennina kallaði hann alþjóðlegar hýenur, sem gæfu dauðann og djöfulinn í tegund samfélags. Gróði væri þeim hugstæðastur.

Hálfri öld síðar eða svo (1976), skrifar bandaríski þingmaðurinn, Lawrence Patton MacDonald (1935-1983), í inngangi að bókinni, „Rockefeller skjölin“ (Rockefeller File), eftir bandaríska sagnfræðinginn, Frederick Gary Allen (1936-1986):

„Það vakir fyrir Rockefeller ættinni og bandamönnum þeirra að setja á stofn eina stjórn yfir veröldinni, sem sameinar ofurauðvaldsskipan og jafnaðarskipan (communism) undir sama þaki, hvort tveggja undir þeirra stjórn. ... Hvort ég sé að tala um samsæri? Já, það geri ég. Ég er sannfærður um, að slíkt samsæri sé við líði. Umfangið er alþjóðlegt, hefur verið skipulagt í ættliði og ótrúlega illt að inntaki.“

Gary hefur einnig skrifað bók í félagi við Larry Henry Abraham (1937-2008) um skylt efni, „Enginn vogar sér að kalla það samsæri“ (None Dare Call It Conspiracy). Þar er m.a. bent á, hvernig „Hinir innvígðu“ eða „Valdaúrvalið“ (Establishment's Power Elite) beita kenningum þýska lög- og hagfræðingsins, Karl Marx, um skattheimtu, seðlabanka, vexti og ríkisskuldir, í því skyni að stjórna samfélaginu og koma á nýrri heimsskipan (New World Order).

Og enginn minni en Donald Trump hefur tekið undir með Mikhail Bakunin, Adolf Hitler, Lawrence MacDonald – og reyndar mörgum fleirum. Hann segir t.d.:

„Hillary Clinton heldur fundi á laun með alþjóðalegum bankamönnum til að leggja á ráðin um, hvernig megi grafa undan sjálfraði Bandaríkjanna til að auðga þessa alþjóðlegu fjármagnsfursta, varðveita sérstaka hagsmuni hennar sjálfrar og stuðningsmanna.“

Enn fremur: „Siðlaus hópur valdasjúkra alheimssinna hefur lýst fyrir stríði á hendur fólki, sem vinnur í sveita síns andlits. Enn stafar mestri hættu af þessu sjúka og illa innrætta fólki.“

Paul Cudence veltir því fyrir sér, hvaða heiti sé viðeigandi á því þjóðfélagi, sem þegar „lýðræðissamfélag“ Vesturlanda búa í. Undiraldan er skýr; vald embættismanna eykst á kostnað kjörinna fulltrúa, sem virðast helteknir af forsjárhyggju og valdafíkn, og skerða því lýðréttindi, einkum tjáningarfrelsi, eða svipta fólk því jafnvel í samráði við fjölmiðla og eigin ritskoðunarstofnanir, á grundvelli laga, sem heita ýmsum nöfnum eins og lög um öryggi ríkisins eða hatursorðræðu.

Ríkisvaldið lýtur innlendu og fjölþjóðlegu auðvaldi. Þróunin er orðin hættulega keimlík þeirri, sem átti sér stað í Þýskalandi og á Ítalíu á fjórða áratugi síðustu aldar. Alþjóðlega fjármagnsauðvaldið kallar Paul glæpamenn. Því heitir stjórnarfyrikomulagið „glæpræði.“

Lýðræðissamfélög samtímans eru í raun jafnaðarmennskusamfélög, þ.e. sjálfsvald er með ýmsum hætti umtalsvert skert á kostnað ríkisvalds, sem ráðstafar verulegum hluta tekna fólks.

Austurrísk-breski hagfræðingurinn, Nóbelsverðlaunahafinn, Friedrich August von Hayek (1899-1992), sagði í bók sinni, „Leiðinni til þrælahalds“ (The Road to Serfdom):

„Enda þótt nafntoguðustu stjórnspekingar nítjándu aldar, [John Dalberg-] Acton [1834-1902] og [Alexis Charles Henri Clérel de] Tocqueville [1805-1859], hefðu varað við þrælahaldi í jafnaðafyrirkomulaginu (socialism), höfum við jafnt og þétt stefnt í þá átt. Aðvörununum höfum við steingleymt að því marki, að okkur býður varla í grun, að það séu tengsl við þann nýja þrældóm, sem tekur á sig mynd fyrir augum okkar á líðandi stundu.“

Fransk-enski sagnfræðingurinn m.m., (Joseph-)Hillaire (-Pierre-René) Belloc (1870-1953), skrifaði merkilega bók árið 1912. Hún heitir, „Þýlyndisríkið“ (Servile State). Höfundur útskýrir, að „með því að beita áhrifum jafnaðarhugmyndafræði (socialist doctrine) á auðvaldssamfélagið, verður til þriðja fyrirkomulagið, sem er frábrugðið báðum foreldrunum – nefnilega þýlyndisríkið.“

Þess má til fróðleiks geta, að Hillaire átti í sögulegri ritdeilu við Herbert George Wells (1866-1946), kunnan alheimsstjórnarsinna.

Ætli „þýlyndisríki“ sé réttnefni á hinu nýja eftirlitsríki, þ.e. ríkinu, sem rís úr rústum samfélags okkar (Endurræsingin mikla)?

<https://rumble.com/v1rgejs-the-sequel-to-the-fall-of-the-cabal-part-3-world-wide-wrath.html>

https://en.wikipedia.org/wiki/Hilaire_Belloc

<https://www.nobelprize.org/prizes/economic-sciences/1974/hayek/facts/>

<https://plato.stanford.edu/entries/friedrich-hayek/>

<https://www.youtube.com/watch?v=Y05z8vARVc>

<https://winteroak.org.uk/2023/06/26/criminocracy-and-its-lies/>

https://en.wikipedia.org/wiki/Gary_Allen

<https://www.realhistorychan.com/capitalism-vs-marxism.html>

<https://archive.org/details/the-rockefeller-file-gary-allen>

<https://expose-news.com/2023/06/26/soaring-inflation-interest-is-the-final-part-of-their-plan/>

https://en.wikipedia.org/wiki/Mikhail_Bakunin

https://en.wikipedia.org/wiki/Pierre-Joseph_Proudhon

https://en.wikipedia.org/wiki/League_of_Peace_and_Freedom

<https://www.britannica.com/biography/Mikhail-Bakunin>

<https://archive.org/details/statismandanarchy/page/n215/mode/2up>

<https://ia801405.us.archive.org/10/items/HeliganSecretsOfTheLostGardens/BakuninMikhail-MarxismFreedomAndTheState.pdf>

<https://theanarchistlibrary.org/library/mikhail-bakunin-on-anarchy-en>

<https://theanarchistlibrary.org/library/michail-bakunin-the-capitalist-system>

<https://theanarchistlibrary.org/uploads/en/m-b-mikhail-bakunin-on-the-question-of-the-right-o-1.pdf>

<https://files.libcom.org/files/Bakunin%20-%20God%20and%20the%20State.pdf>

https://www.youtube.com/watch?v=3gS6g41m_NU

<https://theanarchistlibrary.org/library/mikhail-bakunin-statism-and-anarchy>

<https://www.youtube.com/watch?v=GDIOWP-f70g>

<https://www.marxists.org/reference/arkive/bakunin/index.htm>

https://ia600603.us.archive.org/35/items/al_Michail_Bakunin_Revolutionary_Catechism_a4/Michail_Bakunin_Revolutionary_Catechism_a4.pdf